

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlínar Lilju Sigfúsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 7. apríl 2006.

Efni: Frv. til laga um br. á l. nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda (622. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem miðar að því að einfalda lagaumhverfi sjóðsins þannig að starfsumhverfi hans verði sambærilegt við það sem gildir um aðra lífeyrissjóði.

Því ber að fagna að sjóðurinn sé færður í nútímalegt horf. Umhverfi lífeyrissjóða almennt mætti hinsvegar færa í átt til meira frjálsræðis. Eðlilegt verður að teljast að starfsmenn á vinnumarkaði ráði sem mestu um það í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða og hve mikið. Það ætti einnig að vera samkomulagsatriði milli starfsmanna og samtaka þeirra annars vegar og atvinnurekenda og samtaka þeirra hve mikið móttframlag er greitt í lífeyrissjóð af hálfu atvinnurekenda. Það er þó eðlilegt að slíkt gerist almennt með lífeyrissjóða kerfið í heild í kjölfar almennrar endurskoðunar.

Viðskiptaráð gerir að öðru leyti ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

Davíð Þorláksson